

Síldarminjasafn Íslands ses.
Ársreikningur 2023

Síldarminjasafn Íslands ses.
Snorragata 10
580 Siglufjörður

Kt. 661006-1530

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið er sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur.

Aðalstarfsemi félagsins er að annast og reka Síldarminjasafn Íslands ásamt því að hafa umsjón með söfnun og tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja, tengdum síldveiðum og iðnaði.

Rekstur ársins og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur félagsins námu 103.095 þús. kr. á árinu 2023 og hækkuðu um 4.810 þús. kr. milli ára eða um 4,9%. Tap félagsins á árinu 2023 nam 3.547 þús. kr. (Tap 2022: 424 þús. kr.).

Eigið fé félagsins í árslok 2023 var 87.361 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi (2022: 90.907 þús. kr.). Ársverk á reikningsárinu voru 6,3.

Stjórn og framkvæmdastjóri Síldarminjasafns Íslands ses. hafa í dag rætt ársreikning safnsins fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni.

Síglufirði, 6. maí 2024

Í stjórn safnsins:

Óslygur Kjartansson
Ludmilla Skarphéðinsdóttir
Þjónn Þorvaldsson

Framkvæmdastjóri:

Anita Einarsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Síldarminjasafns Íslands ses.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Síldarminjasafns Íslands ses. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.


Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 6. maí 2024

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2023

		2023	2022
Rekstrartekjur			
Opinber framlög		9.500.000	9.500.000
Styrkir og gjafir		11.698.325	7.536.000
Tekjur af rekstri		69.189.772	59.563.982
Tekjur vegna verkefna		12.706.814	21.685.408
		<u>103.094.911</u>	<u>98.285.390</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	38.489.713	28.432.273
Rekstur fasteigna		11.997.621	7.361.092
Verkefnakostnaður		39.898.243	47.719.385
Annar rekstrarkostnaður		14.833.546	14.996.724
		<u>105.219.123</u>	<u>98.509.474</u>
Rekstrartap.....		(2.124.212)	(224.084)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		24.274	18.595
Vaxtagjöld		(1.446.611)	(218.249)
		<u>(1.422.337)</u>	<u>(199.654)</u>
Tap ársins	5	<u>(3.546.549)</u>	<u>(423.738)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

		2023	2022
Eignir			
Rekstrarfjármunir		93.455.462	93.455.462
	Fastafjármunir 4	<u>93.455.462</u>	<u>93.455.462</u>
Vörubirgðir		4.435.333	4.738.150
Viðskiptakröfur		480.770	1.227.620
Skammtímakröfur		1.460.539	1.371.419
Handbært fé		120.122	96.935
	Veltufjármunir	<u>6.496.764</u>	<u>7.434.124</u>
	Eignir samtals	<u>99.952.226</u>	<u>100.889.586</u>
Eigið fé			
Stofnfé		36.569.366	36.569.366
Annað eigið fé		13.715.000	13.715.000
Óráðstafað eigið fé		37.076.284	40.622.833
	Eigið fé 5	<u>87.360.650</u>	<u>90.907.199</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		6.488.564	1.297.560
Viðskiptaskuldir		6.036.935	3.044.710
Aðrar skammtímaskuldir		66.077	5.640.117
	Skammtímaskuldir	<u>12.591.576</u>	<u>9.982.387</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>99.952.226</u>	<u>100.889.586</u>

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Tap ársins	5	(3.546.549)	(423.737)
Veltufé til rekstrar		<u>(3.546.549)</u>	<u>(423.737)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Birgðir, lækkun		302.817	228.967
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		657.730	(993.567)
Skammtímaskuldir, lækkun		(2.581.815)	(1.470.913)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(1.621.268)</u>	<u>(2.235.513)</u>
Handbært fé til rekstrar		<u>(5.167.817)</u>	<u>(2.659.250)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		0	(1.425.000)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>0</u>	<u>(1.425.000)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting		5.191.004	1.297.560
Fjármögnunarhreyfingar		<u>5.191.004</u>	<u>1.297.560</u>
Breyting á handbæru fé		23.187	(2.786.690)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>96.935</u>	<u>2.883.625</u>
Handbært fé í árslok		<u>120.122</u>	<u>96.935</u>

Skýringar

1. Félagið

Síldarminjasafn Íslands ses. („Félagið“) er íslensk sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur. Lögheimili hennar er að Snorragötu 10 á Siglufirði. Starfsemi stofnunarinnar felst í safnarekstri.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning við afhendingu vörunnar. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er innt af hendi.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði. Engar afskriftir eru færðar.

d. Birgðir

Birgðir af aðkeyptum vörum eru metnar á síðasta innkaupsverði.

e. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2023	2022
Laun	49.571.446	38.400.123
Launatengd gjöld	10.463.824	8.106.793
Endurgreiddur launakostnaður	0	(1.050.893)
Laun og launatengd gjöld samtals	60.035.270	45.456.023
Launakostnaður færður á verkefnakostnað	(21.545.557)	(17.023.750)
Laun og launatengd vegna rekstrar	38.489.713	28.432.273
Fjöldi ársverka á árinu	6,3	5,3

Laun framkvæmdastjóra námu 11.402 þús. kr. á árinu 2023 en námu 11.310 þús. kr. árið áður. Ekki var um sérstakar greiðslur vegna stjórnarlauna að ræða.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreið	Fasteignir	Samtals
Bókfært verð 1.1.2023	1.425.000	92.030.462	93.455.462
Bókfært verð 31.12.2023	1.425.000	92.030.462	93.455.462

Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat fasteigna nam í árslok 804.275 þús. kr., fasteignamat 166.440 þús. kr. og lóðarmat 30.050 þús. kr.

Skýringar, frh.:

5. Eigið fé

Stofnfé félagsins nam 36.569 þús. kr. í árslok 2023.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Annað eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2022	36.569.366	13.715.000	41.046.570	91.330.936
Tap ársins			(423.737)	(423.737)
Eigið fé 31.12.2022	36.569.366	13.715.000	40.622.833	90.907.199
Tap ársins			(3.546.549)	(3.546.549)
Eigið fé 31.12.2023	36.569.366	13.715.000	37.076.284	87.360.650

6. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar eru stjórn, stjórnendur, lykilstarfsmenn, makar þeirra og börn á þeirra framfæri.

Viðskipti við lykilstjórnendur

Laun stjórnenda má sjá í skýringu nr. 3. Félagið átti engin viðskipti við stjórnendur á árinu.